

Ed.

146. Frumvarp til laga

[87. mál]

um hluta sveitarfélaga af söluskatti.

Flm.: Gunnar Thoroddsen.

1. gr.

Meðan innheimtur er söluskattur til ríkissjóðs samkvæmt lögum nr. 100/1948 og síðari breytingum á þeim eða annar skattur samsvarandi, skal fjórðungur skattsins renna til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og skiptast þaðan milli bæjar- og hreppssjóða eftir þeim reglum, sem í lögum þessum segir.

2. gr.

Tekjum Jöfnunarsjóðs af söluskatti skal skipt milli bæjar- og hreppsfélaga eftir fólksfjölda, eins og hann var samkvæmt manntali næstliðins árs, þó þannig, að ekkert bæjar- eða hreppsfélag fær meiri greiðslu en sem nemur 50% af álögðum útsvörum næsta árs á undan.

3. gr.

Nú falla ábyrgðarskuldbindingar á ríkissjóð vegna sveitarfélags, og er félagsmálaráðherra þá heimilt að ákveða, að hluti sveitarfélagsins af söluskattinum gangi til greiðslu á slíkum kröfum.

4. gr.

Ríkissjóður greiðir Jöfnunarsjóði þann hluta af söluskatti, sem honum ber, eigi síðar en einum mánuði eftir að innheimtumenn skattsins hafa gert fjármálaráðuneytinu ársfjórðungsskil.

Félagsmálaráðuneytið framkvæmir skiptingu fjárins milli sveitarfélaganna tvisvar á ári, 1. apríl og 1. október, og sér um, að greiðslur þær, sem í 3. gr. getur, séu inntar af hendi.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1958.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu var flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki fram að ganga. Í greinargerð frv. í fyrra segir m. a.:

„Það er kunnara en frá þurfi að segja, hversu erfiður fjárhagur ýmissa sveitarfélaga hefur verið allmörg undanfarin ár. Hefur hvort tveggja verið, að tekjustofnar sveitarfélaga hafa brugðizt og útgjöldum verið hlaðið á þau. Jafnframt þessu hefur ríkið svo vanrækt að greiða lögboðinn hluta sinn af kostnaði ýmiss konar framkvæmda, sem sveitarfélögum er lögskýlt að láta vinna.

Sveitarfélögin og samtök þeirra hafa hvað eftir annað varað við þessari stefnu og bent á, hvern háska stefnt er í. Þessir aðilar hafa sýnt fram á það með ljósum rökum, að brýna nauðsyn ber til, að annaðhvort verði létt af sveitarfélögunum verulegum útgjöldum, til dæmis og sérstaklega kostnaði við löggæzlu, menntamál og almannatryggingar, eða sveitarfélögunum verði tryggðir nýir, öruggir tekjustofnar.

Alþingi verður að koma til móts við eðlilegar og sanngjarnar óskir sveitarfélaganna og láta þeim í té nýja tekjustofna.

Með þessu frumvarpi er lagt til, að sveitarfélög fái fjórðung söluskattsins.“

Þessar röksemdir eru enn í fullu gildi. Því fer fjarri að hagur sveitarfélaganna hafi vænkast á því ári, sem liðið er. Um það bera ljósan vott sífelldar áskoranir þeirra um nýja tekjustofna og að létt sé af útgjöldum. Er skemmt að minnast fulltrúafundar kaupstaðanna á Vestur-, Norður- og Austurlandi, er haldinn var nýlega á Seyðisfirði. Voru þar gerðar mjög ákveðnar tillögur í þessum efnunum.